

**Ed.**

**80. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, er verði 7. gr., svo hljóðandi:

Heimilt er að verja úr rikissjóði fé til að greiða laun allt að fjórum aðstoðarlæknum héraðslækna í fjölmennum læknishéruðum, þar sem ekki eru starfandi læknaðrir en héraðslækna. Mega launagreiðslur þessar til hvers aðstoðarlæknis nema allt að 300 kr. á mánuði auk dýrtíðaruppbótar. Landlæknir semur við hér-

aðslækna um vist og kjör aðstoðarlækna, og skal að jafnaði leitast við að vista einn aðstoðarlækni í hverjum landsfjórðungi. Það skal vera kvöð á aðstoðarlæknum, sem ráðnir eru samkvæmt þessari heimild, að grípa megi til þeirra í allt að fjóra mánuði samtals á ári, þegar þeirra er þörf til að gegna læknishéruðum um stundarsakir sem settir héraðslæknar eða staðgöngumenn héraðslækna í fjarvistum þeirra og öðrum forföllum.

#### Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni landlæknis, og áskilja nefndarmenn sér rétt til að gera breytingar á frumv. eða vera með breytingum, sem fram kunna að verða bornar. — Frumv. fylgdu eftirfarandi aths. og skýringar:

„Með frumv. þessu er gerð tilraun til að bæta úr erfiðleikum, sem á því eru að fá lækna með litlum og engum fyrirvara til að gegna til bráðabirgða læknishéruðum, sem þörf er á, bæði þegar læknskípti verða í héruðum, svo og þegar héraðslæknar þurfa að bregða sér frá um stundarsakir sér til hvíldar og upplýftingar, eða forfallast af einhverjum ástæðum. Mundi allvel verða séð fyrir þeim þörfum, sem að jafnaði eru fyrir hendi, ef skipaðar fengjust hinar fjórar aðstoðarlæknisstöður, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Eru gildar ástæður til að ætla, að ekki þurfi að dekstra héraðslækna, sem sitja einir í fjölmennum og erfiðum héruðum, að þiggja aðstoðarlækna með þeim kjörum, sem hér eru boðin, og þó að þeir þyrftu nokkuð i sólurnar að leggja, sem alltaf yrði húsnæði, fæði og önnur aðhlyning. Ætla mætti, að á Vesturlandi mundu rosknir héraðslæknar í Stykkishólmi, á Patreksfirði og Þingeyri og ef til vill víðar að jafnaði keppa um slíkan aðstoðarlækni, á Norðurlandi einkum héraðslæknarnir á Blönduósi, Sauðárkróki og Húsavík, á Austurlandi héraðslæknarnir á Seyðisfirði, Norðfirði og Eskifirði, og á Suðurlandi héraðslæknarnir á Stórolfshvoli og Eyrarbakka. Ef fleiri héraðslæknar en einn kepptu um sama aðstoðarlækninni, yrði vilji hlutaðeigandi aðstoðarlæknisefnis nokkru að ráða, en annars væri það sanngirnismál, að sá héraðslæknir sæti fyrir, sem mestum störfum hefði að sinna, og þó fullt tillit tekið til þess, hvornig á stæði að öðru leyti. Rosknir og heilsuveilir héraðslæknar ættu að öðru jöfnu að ganga fyrir ungum og hraustum. Þá mundi og stundum mega skipta aðstoðarlækni á milli héraða, þannig að hann sæti til skiptis í fleiri héruðum en einu, eftir því sem um kynni að semjast.

Eins og á stendur mundi fremur þurfa að kviða því, að erfitt yrði að fá lækna til að taka að sér þessar aðstoðarlæknisstöður, og kæmi þá til greina að krefjast nokkurra mánaða aðstoðarlækniþjónustu eða héraðslækniþjónustu af lækna-kandidötum, áður en þeim væri veitt almennt lækningaleyfi. Ef ekki er til þess full lagaheimild fyrir hendi, sbr. lög nr. 47 1937 og reglugerð nr. 15 1936, er auðgert að kippa því í lag.

Ef aðstoðarlæknir yrði kvaddur til að gegna læknishéraði sem settur héraðslæknir, mundu launagreiðslur til hans, þær, er hér um ræðir, falla niður á meðan, en hann taka laun héraðsins, eftir þeim reglum, sem þar um gilda. Hins vegar mundi það að jafnaði teljast sanngjarnt, að aðstoðarlæknarnir héldu launum sínum, þegar þeir væru kvaddir til að gerast um stundarsakir staðgöngumenn héraðslækna í eðlilegum fjarvistum þeirra og lögmætum forföllum, og nytu héraðslæknarnir þeirra hlunninda á þann hátt, að þeir hefðu að sama skapi minni kostnað af staðgöngunni. Mundi á þann hátt meðal annars mega takast að tryggja æðimörgum héraðslæknum lítils háttar orlof sér til hvíldar og hressingar, sem svaraði einu sinni á ári, án verulegs tilkostnaðar þeirra, þeim, er nú eiga slíks frjálsræðis ýmist alls engan kost eða ekki nema með afarkjörum.